HAFIÐ
FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 og Spönginni 13
Nú einnig í **Skipholti 70**

facebook

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ

4. júní 2016

17. TÖLUBLAÐ 7. ÁRGANGUR

Sjómannadagurinn er á morgun

Bæta þarf samkeppnisstöðu Íslands

Íslendingar og Rússar eru vinaþjóðir

Rætt við dr. Anton Vasiliev, sendiherra Rússa, um Úkraínudeiluna og samskipti Íslands og Rússlands í áranna rás

... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!



Frábær gjöf fyrir dömur á öllum aldri

Fáanleg í 12 litum
í fullorðins- og barnastærð.

Helstu útsölustaðir í Reykjavík
Allar sundlaugar, Apótekarinn Mjódd, Borgarapótek, Lyf og heilsa; JL húsi, Kringlu og Austurveri, Minja, Snyrtivörubúðin Glæsibæ, Mistý, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek, Árbæjarapótek, Urðarapótek, Balletbúðin Arena.
Netverslanir Aha.is, Heimkaup, Krabbameinsfélagið og Netsöfnun.

Sif
höfuðhandklæði
elfursif@internet.is gsm 660 8860
Nánar um sölustaði á facebook

Lágt lyfjaverð alla daga vikunnar í Suðurveri.

Opið: Mán. til fös. 08 - 20 | Lau. 10 - 18 | Sun. 13- 18

FARMASIA

Suðurveri
Stigahlíð 45
105 Reykjavík
Sími 511 0200
facebook.com/farmasiaapotek

20% afsláttur af öllum sólarvörum 3. - 12. júní

FRÁ LESENDUM

Akstursíþróttadómara svarað

Björn Harðarson, íbúi við Laufásvegi, sendi okkur þessar línur:

Raunaleg lýsing birtist hér á baksíðunni 21. maí sl. frá akstursíþróttadómara sem var í vandræðum með að losna við garðaúrgang. Hann sagði frá ferðum í Sorpu, láni á kerru, bíl með dráttarkúlu og mengun af því að keyra tugi kílómetra með garðaúrgang í plastpokum.

Til er góð lausn sem gjörbreytt hefur vinnulagi í garðinum hér við húsið okkar og ég get mælt með. Fyrir nokkrum árum fengum við okkur garðatunnu frá einkafyrirtæki (Gámaþjónustunni). Boðið er upp á þjónustuna hálft árið. Frá apríl til október er tunnan losuð á tveggja vikna fresti. Hver losun kostar 1600 kr.

Á vorin fyllum við tunnuna af afklippum og gömlu laufi. Síðan af nýslegnu grasi og öðrum tilfallandi garðaúrgangi. Hægt er að rúlla tunnunni um garðinn þangað sem maður er að vinna og því þarf ekki að nota neina plastpoka. Þetta er góð þjónusta fyrir sanngjarnt verð. Sérstaklega þar sem fleiri en ein íbúð er í húsi og menn geta deilt kostnaði.

Ég er algerlega ósammála því að mínir skattar eigi að fara í að bæjarstarfsmenn séu hringsólandi um hverfin í leit að garðaúrgangi sem íbúar hafa sett út fyrir lóðamörk og í almannarýmið. Hins vegar tel ég að það væri gott baráttumál að þrýsta á Sorpu að bjóða upp á garðaúrgangstunnur ásamt fjölbreyttari flokkun. Æskilegt væri að málmur, gler og lífrænn heimilisúrgangur fengju sín sérstöku ílát við hús, þar sem því verður við komið. Ég þekki það frá því fyrirtæki sem ég starfa fyrir (Icelandair) að allt rusl og sorp er flokkað.

Það er sérkennilegt hvað margir sem á tyllidögum tala um skattalækkanir og að minnka eigi „báknið“ kvarta þegar þeir missa opinbera þjónustu sem þeir hafa vanist. Þeir vilja mikið fyrir lítið. Höfum í huga að opinber þjónusta á ekki að vera undanskilin breytingum í takt við nýja tíma.

Vorverkunum í garðinum fylgir jafnan mikill úrgangur.

Örvhentur hornamaður til liðs við Fram

Handknattleiksdeild Fram hefur samið við Svan Pál Vilhjálmsson, tvítugan Eyjamann. Svanur Páll er örvhentur hornamaður og hefur leikið fyrir ÍBV síðastliðin ár, en hann varð meðal annars bikarmeistari 2015 og lék 21 leik með ÍBV á síðasta tímabili. Samningur Svans við Fram er til tveggja ára og vænta Framarar mikils af drengnum næstu árin.

Svanur Páll boðinn velkominn í herbúðir Fram.

Átta brúðhjón sama daginn!

Séra Þórhallur Heimisson, sóknarprestur í Breiðholtskirkju, bauð sl. laugardag upp á svokallaðan „drop-in“ skírnadag, en þar voru börn skírð án endurgjalds og alls voru sjö börn skírð þennan daginn. Ellefta júní nk. verður síðan boðið upp á „drop-in“ hjónavígslu þar sem pör geta tekið vígslu með litlum fyrirvara sér að kostnaðarlausu. Nú þegar hafa átta pör boðað komu sína þann daginn og að þessu sinni er ekki rúm fyrir fleiri. Kirkjan verður opinn 11. júní kl. 12–19 og allir velkomnir sem vilja gleðja verðandi brúðhjón með nærveru sinni og taka undir í söng.

Ekki stendur þó til að bjóða upp á „drop-in“ fermingar og verða fermingarbörnin eftir sem áður að ganga til prestsins.

Séra Þórhallur Heimisson.

„Hlið himins“ á Skólavörðuholti

Breska stórblaðið The Guardian valdi Hallgrímskirkju á dögunum sem einn af tíu bestu íhugunarstöðum heims. Meðal helgistaða á listanum er grafarkirkjan í Jerúsalem, Iona-klaustur í Skotlandi og Markúsarklaustrið í Flórens. „Hlið himins“ á Skólavörðuholti er opið alla daga og einn fjölsóttasti áfangastaður erlendra ferðamanna, sem sækja landið heim.

Nýr skólameistari Borgarholtsskóla

Ársæll Guðmundsson hefur verið skipaður nýr skólameistari Borgarholtsskóla. Hann hefur undanfarið starfað sem verkefnastjóri í menntamálaráðuneytinu. Ársæll var einn tíu umsækjenda og vegna tengsla hans við ráðuneytið var afráðið að Ólöf Nordal innanríkisráðherra skipaði í stöðuna. Fráfarandi skólameistari er Ingi Bogi Bogason.

Borgarholtsskóli í Grafarvogi.

HB GRANDI

Fjölskylduhátíð Granda

HB Grandi efnir til fjölskylduskemmtunar á morgun, sjómannadaginn, hjá höfuðstöðvum sínum við Norðurgarð. Hátíðasvæðið opnar klukkan 13, en dagskráin er svohljóðandi:

14: 00 Sprengjugengið
14: 30 Latibær
15: 00 Sirkus Íslands
15: 30 Lína og Örn
16:00 Dagskrá lýkur.

BMX Brós verða á svæðinu að kenna og sýna listir sínar.

Dr. Guðni Th. Jóhannesson forsetaefni.

Leiðrétting

Í viðtali við Guðna Th. Jóhannesson í síðasta tölublaði misritaðist að hann hefði orðið Norðurlandameistari stúdenta í blaki. Hið rétta er að íþróttin var handknattleikur.

MYND VIKUNNAR

Hverfisgatan er torfær um þessar mundir. Myndina tók Magnús Lyngdal Magnússon.

ELDUM RÉTT

Við sjáum um innkaupin og uppskriftirnar. Þú eldar og nýtur

www.eldumrett.is

Svona eru skrefin

1

VIÐ PLÖNUM

Í hverri viku veljum við hollar og bragðgóðar uppskriftir sem matreiðslu-sérfræðingar okkar hafa þróað og fundið til.

2

VIÐ ÚTVEGUM HRÁEFNI

Við veljum fyrsta flokks hráefni í uppskriftirnar okkar. Það sem þú gætir þurft að eiga er sykur, hveiti, mjólk, smjör, olía, salt og pipar.

3

VIÐ MÆLUM

Við sjáum til þess að sem minnst fari til spillis með því að afhenda þér hráefnin í réttu magni.

4

VIÐ AFHENDUM

Þú getur valið um að koma og sækja matar-pakkann þinn til okkar að Nýbýlavegi 16 eða að fá hann sendan heim gegn greiðslu.

5

ÞÚ ELDAR!

Leiðbeiningar að matreiðslu finnur þú í þínum pakka ásamt hráefnum og þá er bara að elda og njóta!

Bon apetit

FORYSTUGREIN

Fólkið velur forsetann

Þjóðin gengur að kjörborði 25. júní nk. og velur sér nýjan forseta. Í öllum könnunum mælist dr. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur með yfirburðarfylgi. Hann er hófsamur í allri framgöngu og hefur skemmtilegt fas sem heillar fólk. Hvarvetna fyllir hann samkomuhús á fundum sínum um landið.

Guðni er mikilvirkur fræðimaður. Hann hefur gott lag á að kynna söguna og benda á skemmtilegar sögulegar tengingar við atburði líðandi stundar. Við vandasamar ákvarðanir, svo sem erfiðar stjórnarmyndunarviðræður, mun koma sér vel fyrir Guðna að hafa rannsakað forsetaembættið meira en aðrir fræðimenn.

Guðni verður án efa öflugur málsvari þjóðarinnar og sameiningarafl, nái hann kjöri. Þekking á þjóðmálunum er vitaskuld ekki bundin við stjórnmálamennina. Í hlutverki forseta er jafnvel betri kostur að hafa ekki gefið sig um of að skylmingum á þeim vettvangi og pólitískir vígamenn munu jafnan eiga örðugt með að stuðla að eindrægni þjóðar.

Guðni Th. Jóhannesson hefur til að bera þá helstu kosti sem prýða þurfa forseta Íslands.

Björn Jón Bragason

HÚSIN Í BÆNUM

Hvítabandið

Hvítabandið var stofnað árið 1895 og hét fyrst Bindindisfélag kvenna, en aðalhvatamaður að stofnun þess var Ólafía Jóhannsdóttir. Á stofnárinu gerðist félagið aðili að Kristilegu alheims bindindisfélagi kvenna. Nafni þess félags var síðar breytt í The White Ribbon og tók íslenska félagið þá upp nafnið Hvítabandið. Einkunnarorð þess eru: „Fyrir Guð, heimilið og þjóðina.“

Félagið reisti sjúkrahús á Skólavörðustíg 37, sem vígt var árið 1934. Teikningar gerði Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari. Húsið er þrílyft með kjallara, risi og stórum hornkvisti, byggt úr steinsteypu. Sjúkrarúmin voru upphaflega 38 talsins.

Sjúkrahúsið var framan af rekið sem sjálfseignarstofnun, en það var síðar fært Reykjavíkurborg að gjöf með öllum áhöldum og innanstokksmunum. Á Hvítabandinu er nú starfrækt dagdeild ætluð geðsjúkum. Kvenfélagið Hvítabandið hefur enn sterk tengsl við sjúkrahúsið og lætur sig starfið þar varða.

Hraðakstur í Langarima

Brot 19 ökumanna voru mynduð í Langarima í Reykjavík sl. miðvikudag. Fylgst var með ökutækjum sem var ekið Langarima í suðurátt, að Rósarima. Á einni klukkustund, eftir hádegi, fóru 80 ökutæki þessa akurleið og því ók tæplega fjórðungur ökumanna, eða 24%, of hratt eða yfir afskiptahraða. Meðalhraði hinna brotlegu var 41 km/klst, en þarna er 30 km hámarkshraði. Sá sem hraðast ók mældist á 52 km/klst. Vöktun lögreglunnar í Langarima er liður í reglulegu umferðareftirliti.

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ
17. TBL. 7. ÁRGANGUR 2016

Útgefandi: Pressan ehf. Kringlunni 4–6, 103 Reykjavík. **Ábyrgðarmaður:** Björn Ingi Hrafnsson, netfang: bjorningi@pressan.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, sími: 824-2466, netfang: amundi@fotspor.is. **Auglýsingar:** Sími: 578-1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Björn Jón Bragason, sími: 897-7040, netfang: bjornjon@pressan.is. **Umbrot:** Prentsnið. **Hönnun:** Davíð Þór Guðlaugsson. **Prentun:** Landsprent, 50.000 eintök. **Dreifing:** Póstdreifing.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK OG Á SELTJARNARNESI

Fleyg ummæli

Ef við gætum virkjað öfundina hér á landi, þyrftum við ekki aðra orku.

- Ragnar Jónsson í Smára 1904–1984 smjörlíkisframleiðandi, bókaútgefandi og listunnandi.

Þurfum að laða að erlenda sérfræðinga

VÍB og Viðskiptaráð Íslands efndu til fundar með ráðamönnum ríkis og borgar, auk fulltrúa atvinnulífsins, í Hörpu sl. þriðjudag. Á fundinum voru niðurstöður úttektar IMD viðskiptaháskólans á samkeppnishæfni Íslands árið 2016 kynntar. Þema fundarins í ár var höfuðborgarsvæðið og áhrif þess á samkeppnishæfni landsins. Einnig var velt upp þeirri spurningu hvaða áhrif skipulagsmál, skólastarf og menningarframboð hafi þegar kemur að því að laða til landsins erlenda sérfræðinga, alþjóðleg fyrirtæki og fjárfestingu.

Ávörp fluttu Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra, Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, Ólöf Nordal innanríkisráðherra og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. Ólöf beindi sjónum að stöðu erlendra sérfræðinga á Íslandi og þeirri alþjóðlegu samkeppni sem ríkir um þá. Hún sagði vaxandi alþjóðageira hafa þörf fyrir erlenda sérfræðinga og því mikilvægt að skapa umhverfi sem laðar þá að. Afnema þurfi hindranir, gera upplýsingar aðgengilegar og fjölga þurfi menntastofnunum sem geta tekið á móti börnum erlendra sérfræðinga. Með þessu náist fram bætt samkeppnishæfni Íslands til framtíðar.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra.

Vilja auka öryggi á gangstéttum

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs borgarinnar sl. miðvikudag lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks fram tillögu þess efnis að borgin gefi út leiðbeinandi tilmæli um það hvernig umferðarreglum á gangséttum sé háttað. Í tillögunni segir orðrétt: „Mikið er um að hjólreiðamenn noti gangstéttirnar og valda oft gangandi vegfarendum ugg með of miklum hraða eða einfaldlega því að óöryggi skapast þar sem ekki er á hreinu hvoru megin gangstéttar hinn hjólandi á að fara. Við þróun og uppbyggingu mismunandi samgönguþátta verður að passa að það sé pláss fyrir alla og allir geti verið öruggir.“

Hönnunarsamkeppni um tannbursta

Á hverju ári framleiðir tannburstaframleiðandinn Jordan sérhannaða línu af svokölluðum Individual tannbursta í takmörkuðu magni. Í tilefni tíu ára afmælis línunnar á næsta ári efnir Jordan til hönnunarsamkeppni um nýja tannburstalínu. Leitað er eftir hugmyndum víða um heim, þar á meðal hér á landi. Séríslensk dómnefnd mun velja tíu bursta sem halda áfram í lokakeppnina í Noregi, jafnframt því að hljóta vegleg verðlaun. Sigurtannburstinn í fjölþjóðlegu keppnninni mun verða seldur um víða veröld. Fyrstu verðlaun í íslensku keppninni er ferðavinningur að verðmæti 150 þúsund króna frá Heimsverðum, en níu önnur útlit fá verðlaun. Íslensku dómnefndina skipa þau Hugleikur Dagsson, Líf Magneudóttir, Ólöf Erla Einarsdóttir, Sunna Ben og Kristinn Bjarnason. Frekari upplýsingar má finna á vefsvæði keppninnar individualbyjordan.com.

AF NETINU

Nú fer að styttast í þingfrestun. Þá vaknar sú spurning hvort ekki megi afgreiða einhver þingmannamál, jafnvel þótt þau séu ekki frá þingmönnum Pírata.

Til dæmis má nefna frumvarp Guðlaugs Þór Þórðarsonar og fleiri þingmanna Sjálfstæðisflokksins um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Fengist það samþykkt þyrftu launagreiðendur að aðgreina tekjuskatt til ríkisins og útsvar á launaseðlum. Hætt er við að mörgum kæmi á óvart að sveitarfélögin hirða í mörgum tilvikum meira úr launaumslögum en ríkissjóður. Enda fullnýta mörg þeirra, eins og Reykjavíkurborg, „skattstofna“ sína sem er það heiti sem þau velja gjarnan skattgreiðendum.

- Helgarsprok Vefþjóðviljans, 29. maí sl.

Clinton og Trump virðast þó almennt vera frekar óvinsæl meðal almennings. Þá hafa kjósendur beggja flokkað viðrað þær hugmyndir að kjósa þriðja aðila frekar en þau, verði þau útnefnd. Þar hefur helst verið nefndur Gary Johnson sem sækist eftir útnefningu Libertarians eða frjálslynda flokksins. Þó að það sé nærri ómögulegt að frambjóðandi sem tilheyrir ekki Demókrataflokknum eða Repúblikanaflokknum standi uppi sem forseti Bandaríkjanna er Gary Johnson vissulega nafn sem er þess virði að fylgjast með hljóti hann útnefningu síns flokks. Fari eins og allt bendir til er ekki úr vegi að segja að bandarískir kjósendur séu milli steins og sleggju í komandi forsetakosningum.

- Birta Austmann Bjarnadóttir í pistli á romur.is, 30. maí sl.

Þeir sem vel þekkja Davíð hafa lengi verið sannfærðir um að hann ætlaði að bjóða sig fram til forseta í vor eins og nú er orðin raunin. Hann hélt í raun að sér tækist að flykkja þjóðinni að baki sér. Það er erfitt að hafa bara viðhlæjendur í innsta hring. Enginn þorir að segja keisaranum að hann standi allsber. En þrátt fyrir allt sem áður hafði gerst hélt ég að Davíð gæti fengið talsvert fylgi með því að sýna sjarmann, vera glaður og keikur og birta nýja sýn á embættið. Líklega hef ég allt of mikla trú á mannkyninu.

Mér þykir vænt um marga stuðningsmenn Davíðs, en framkoma þeirra sumra að undanförnu er bæði barnaleg og ruddaleg. Þeir fagna þegar venjulegt fólk roðnar og lítur undan.

- Benedikt Jóhannesson á heimur.is, 30. maí sl.

Ég þekki örugglega ekki Davíð Oddsson jafn vel og Atli og ritstjóri kvennblaðid.is sem ég man ómögulega hvað heitir. Vinátta okkar Davíðs er frekar einhliða, hann þekkir mig ekki en ég hef lengi fylgst með honum og met hann meira en marga aðra.

Hins vegar segir það nokkuð um innrætið hvernig einstaklingur talar um aðra. Lítið bara á athugasemdadálka í fjölmiðlum og hvernig talsmátinn er þar hjá fólki sem almennt er nefnt „virkir í athugasemdum“.

Ómálefnaleg og níðingsleg ummæli eru meira lýsandi um þá sem viðhafa slíkt en þá sem um er rætt. Margt bendir til þess að Atli Þór Fannarsson sé búinn að tileinka sér obeldiskúltúrinn sem hann vill endilega smyrja á Davíð Oddsson. Því miður eru fleiri í þessum afkima mannlegs veikleika.

- Sigurður Sigurðarson á síðu sinni á blog.is, 31. maí sl.

Grant Thornton er framsækið og leiðandi endurskoðunarfyrirtæki

Grant Thornton er eitt af leiðandi alþjóðlegum samtökum endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækja sem veitir viðskiptavinum sínum faglega og persónulega þjónustu á sviði fjármála og viðskipta.

Það er keppikefli okkar að aðstoða viðskiptavini við að ná markmiðum sínum þannig að þeir hafi af þjónustunni sýnilegan ávinning.

www.GrantThornton.is

Grant Thornton

Endurskoðun • Ráðgjöf

NÝJAR BÆKUR

Fátækt og fúlga

Út er komin bókin Fátækt og fúlga eftir sagnfræðingana Jón Ólaf Ísfeld og Sigurð Gylfa Magnússon, en bókin er hin nítjánda í ritröðinni Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar en röðin hóf göngu sína 1997 og er unnin á vegum Miðstöðvar einsögurannsókna í Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Árið 1902 var tekin saman, að undirlagi nefndar Alþingis, yfirgripsmikil skrá yfir alla þá einstaklinga sem þegið höfðu af sveit það ár og töldust þannig til þurfalinga. Í þessari bók er fjallað um starf þingnefndarinnar, skráin birt í heild sinni og sagt frá viðbrögðum þingheims við tillögum hennar. Hver voru örlög fátæks fólks á þessum tíma

Dr. Sigurður Gylfi Magnússon, annar höfunda bókarinnar.

og hvernig tókst það á við fordóma samtíðar sinnar? Höfundar glíma við spurningar af þessu tagi og fjalla um fátækt á Íslandi frá ýmsum hliðum. Háskólaútgáfan gefur út.

Borgir og eyðimerkur í kilju

Skáldsagan Borgir og eyðimerkur eftir Sigurjón Magnússon er nú komin út í kilju. Sagan fjallar um Kristmann Guðmundsson rithöfund og segir frá lífi hans í Hveragerði og hinum frægu réttarhöldum gegn Thor Vilhjálmssyni. Tilvalin lesning í sumarfríinu. Ugla gefur út.



Ný ljóðabók Sigmundar Ernis

Út er komin hjá Veröld ljóðabókin Allt þetta hugsafn af árum sem kvað vera ævi eftir Sigmund Erni Rúnarsson. Lesandanum er boðið í heillandi ferðalag gegnum tíma og staði, öræfi hugans og landsins, svo og alla afkima ástarinnar.

Allt þetta hugsafn af árum sem kvað vera ævi er níunda ljóðabók Sigmundar Ernis. Sú fyrsta kom út árið 1980.

Sigmundur Ernir Rúnarsson ljóðskáld.

Örn í húmi flýgur

rís
og hnígur
landið
innra

í úteyjum
örn
í húmi
flýgur

einn

í augum
dvelur

flóðs
og fjöru
gætir

þú

Ljóðið að ofan er úr nýútkominni bók Ferdinands Jónssonar sem nefnist Í úteyjum. Hún er önnur bók höfundar, sem starfar sem geðlæknir í Lundúnum. Fyrsta ljóðabók hans, Innsævi, hlaut sérlega góðar viðtökur og lofsamlega dóma. Um hana féllu eftirfarandi orð í ritdómi Védísar Skarphéðinsdóttur: „Bókin er beinlínis fögur hvar sem á hana er litið, og



efniviðurinn er lifandi og litríkur, en jafnframt tregafullur.“ Veröld gefur út.

Stúlka féll á Þúsöld

Síðastliðinn sunnudag féll stúlka af reiðhjóli þegar hún hjólaði eftir gangstétt meðfram Þúsöld í Grafarholti til móts við verslun Húsasmiðjunnar. Hraðinn var orðinn of mikill, en þegar stúlkan ætlaði að stöðva kollsteyptist hjólið með framangreindum afleiðingum. Hún var flutt á slysadeild til aðhlynningar.

VÍSNAÞÁTTUR

Líkingamál hagyrðinganna er að þessu sinni sótt í smjör og Sóma-samlokuna víðfrægu.

Klípa og klessa

Áfram eru forsetakosningarnar helsta yrkisefnið. Hér er vísa eftir Guðmund Halldórsson:

Davíð jafnan flytur sögu sanna
Setur aldrei óhróður á blað
Hann er líka hógværastur manna
en hann fer óskaplega vel með það.

Guðmundi er hlýrra til Davíðs í þessari vísu:

Um Davíð ætið yrki hól
Það ekki er málum blandið
Æ mun Davíðs dýrðarsól
drjúpa yfir landið.

Í frægum kappræðum á Eyjunni spurði Guðni Th. Jóhannesson hvort Davíð skorti alla sómakennd. Helgi Ingólfsson yrkir:

Vafa slíkan vart ég man,
vanda þrungið báknið.
Kannski er Sóma-samlokan
sameiningartáknið.

Helgi kastaði fram limru af sama tilefni:

Ég er nú svo aldeilis hlessa
og yrki um sómakennd þessa.
Af allmiklu fjöri
hann ataði´ allt smjöri,
hvort sem var klípa´ eða klessa.

Gunnar J. Straumland yrkir líka um sómakenndina:

Heiðursmönnum hógværð er í huga brennd.
Gefin þeim, af Guði send,
er góðvild, æra og sómakennd.

Framsóknarmenn hafa minni áhuga á haustkosningum en aðrir flokkar:

Við kosningar þeir kikna og glúpna,
þeir kunna að tapa stólunum.
Framsókn eins og flokkur rjúpna
er fresta vildi jólunum.

Hér eru að lokum vísdómsorð frá Ármanni Þorgrímssyni:

Ef þú sigra ætlar heim
ættir þú að fallast
á að vanda val á þeim
sem vinir þínir kallast.

Giulia Sgattoni

Fyrirlestur um Kötlu

Á þriðjudaginn kemur, 7. júní, flytur Giulia Sgattoni fyrirlestur um doktorsritgerð sína í jarðeðlisfræði. Ritgerðin ber heitið: „Einkenni og jarðfræðilegar orsakir jarðskjálfta og skjálftaóróa í Kötlu“. Um er að ræða sameiginlega doktorsgráðu við Háskóla Íslands og Háskólann í Bologna á Ítalíu og fór doktorsvörnin fram í Bologna 15. apríl sl. Dr. Kristín Vala Ragnarsdóttir, prófessor við jarðvísindadeild Háskóla Íslands, stjórnar athöfninni.

Fyrirlesturinn hefst kl. 15 í stofu 123 í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands.

Alvöru græjur fyrir vandláta

Berðu saman verð og gæði

...talaðu svo við okkur

Vandaðar þýskar Stema kerrur og flutningavagnar á frábæru verði

Stema box kerrur
Eigum Stema 2000 kg BOX kerrur á lager og eigum von á Stema 750 og 1300 stærðum

Box: 257x134x150
Heildarburður: 1300 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 887 kg
Verð án vsk: kr. 549.000,-

Box: 421x202x245
Heildarburður: 2000 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 1668 kg
Verð án vsk: 999.000,-

Stema bílakerrur
Kr. 120.000,- án vsk

Stærð á palli: 201x108 cm
Heildarstærð: 292x150x87
Burður: 615 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 135 kg

Stema tækjakerrur
Kr. 249.000,- án vsk

Stærð á palli: 313x128 cm
Heildarstærð: 599x210x73 cm
Burður: 559 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 191 kg

Stema flutningavagnar
Frá kr. 549.000,- án vsk

	2700	3500
Stærð á palli:	401x203	401x203 cm
Heildarstærð:	568 x 216 x 70 cm	
Dekkjastærð:	4 x 13"	4 x 13"
Þyngd:	466 kg	466 kg
Burður:	2234 kg	3034 kg

Stema sturtuvagnar
Frá kr. 699.000,- án vsk

Stærð á palli: 301x153 cm
Heildarstærð: 441 x 166 x 70 cm
Dekkjastærð: 4x13"
Þyngd: 650 kg
Burður: 2050 kg

Stema Atour bílavagnar
Kr. 649.000,- án vsk

Stærð á palli: 490x201 cm
Heildarstærð: 716x207x77 cm
Dekkjastærð: 10"
Þyngd: 665 kg
Burður: 2035 kg

Stema bílavagnar
Kr. 849.000,- án vsk

Stærð á palli: 400x201 cm
Heildarstærð: 599x210x73 cm
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 840 kg
Burður: 2660 kg

Selva bátar og utanborðsmótorar á hagstæðu verði

Marlin 100 hö Kr. 1.997.000,-
Madeira 50 hö Kr. 799.000,-
King Fish 25 hö Kr. 649.000,-
Whahoo 15 hö Kr. 539.000,-
Seahorse 2 hö Kr. 149.000,-
Antibes 30 hö Kr. 349.000,-
Naxos 15 hö Kr. 249.000,-

Kr. 1.499.000,- (ekki með stýrispúlti)
Kr. 1.649.000,- (með stýrispúlti)

Selva 430/550 PRO RIP

- 4.20 metrar á lengd og ber 8 manns
- Þyngd 79,6 kg og burðargeta 1250 kg
- Hámarksstærð á mótór er 30 hp
- Breiddin er 202 cm og túban er 52 cm
- Trégólf sem hægt er að losa úr bátnum
- Efni í bátnum er PVC 700 g/m2

Selva WF 420 Kr. 229.000,-

- 4.30 metrar á lengd og ber 8 manns
- Þyngd á bát 92,4 kg og burðargeta 1250 kg
- Hámarksstærð á mótór er 30 hp
- Breiddin er 2020 cm og túba er 52 cm
- Álgólf sem hægt er að losa úr bátnum
- Efni í bátnum er PVC 1.100 g/m2

Selva ALU 430 Kr. 299.000,-

GTM Professional sláttuvélar á einstaklega góðu verði

GTM 560

6 hp B&S
Stillanlegt handfang
Stór 203/280 mm hjól
Tvöfaldar hjólalegur
Sláttubreidd 56 cm
Sláttuhæð 30-75 mm
70 lítra safnpoki
Þyngd 45 kg

Verð Kr. 69.900,- Sjálfkeyrandi

GTM 460

4 hö B&S
Stillanlegt handfang
Stór 203/280 mm hjól
Tvöfaldar hjólalegur
Sláttubreidd 46 cm
Sláttuhæð 30-75 mm
Safnpoki 60 lítra
Þyngd er 31 kg

Verð Kr. 59.900,- Sjálfkeyrandi

GTM 400 3,5 hestöfl

3,5 hö B&S
Stillanlegt handfang
180/180 mm hjól
Tvöfaldar hjólalegur
Sláttubreidd 40 cm
Sláttuhæð 25-75 mm
Safnpoki 45 lítra
Þyngd 23 kg

Verð Kr. 39.900,-

Fagleg þekking, varahlutaþjónusta og viðgerðir um allt land.

Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

ÁSAFL

VIÐTAL

Horfum heim

Rætt við Davíð Oddsson forsetaefni

Varla hefur farið fram hjá neinum að einn kunnasti Íslendingur okkar samtíðar, Davíð Oddsson, er í kjöri til embættis forseta. Davíð á að baki langan feril sem borgarstjóri, forsætisráðherra, utanríkisráðherra, seðlabankastjóri og ritstjóri Morgunblaðsins. Ég hitti Davíð á dögunum og spurði hann fyrst af öllu hvers vegna hann hefði veitt svo fá viðtöl hin síðari ár.



Mynd: Sigtryggur Ari.

„Eftir að ég fór á Morgunblaðið, þá fékk ég mjög mikið af beiðnum um viðtöl, en þá sagði ég að þar sem ég væri kominn á annan fjölmiðil þá myndi ég tjá mig þar og bara í skriflegu efni. Mér fannst að ég ætti ekkert að vera í sviðsljósi sem persóna. Í rauninni gekk ég miklu lengra en þetta því ég neitaði að mæta sem ræðumaður hjá Lyons, Rótarý og allt þetta sem ég hafði gert mjög mikið af og taldi mig hafa gert nægilega. Svo hætti ég að mæta í öll kokteilboð í öllum sendiráðum og þess háttar, þannig að ég bara hvarf eiginlega og leið mjög vel með það. Ég hef aldrei þurft að vera mikið á ferðinni, ég er semsagt ekki athyglissjúkur, hef aldrei verið það. Athygli gerir mér ekkert til, ég verð eiginlega ekki var við hana.“

Kornungur í skóla hjá Ævari Kvaran

- En er það ekki að einhverju leyti leikhúsreynslan?

„Ja, það gæti verið. Mér leið vel á leiksviði. Ég fór að læra leiklist þegar ég var mjög ungur maður, 14, 15 ára hjá Ævari Kvaran. Það fyrsta sem hann var að nefna við okkur var að fólk sem færi upp á svið fyndi allt í einu fyrir handleggjunum á sér, þeir væru svo þungir. Fólk sem færi á svið færi að velta fyrir sér: Hvað á ég að gera við þessar hendur? Mönnum finnst að allir séu að horfa á hendurnar á sér. Ég varð aldrei var við þessa tilfinningu. Ég var algjörlega laus við það. Maður var bara einhvern veginn ekkert upptekin af sér. Ég hef aldrei verið það. Sumir menn eru þannig gerðir að þeir geta ekki sest í stól án þess að velta því fyrir sér hvernig bossinn kemur niður. Það hefur aldrei verið minn tebolli.“

Leikhúsritari í Iðnó

- En leikhúsið er eitt af þínum áhugamálum, er það ekki?

„Leikhúsið hefur náttulega verið mikið áhugamál alla tíð. Ég var formaður Herranætur og lék á Herranótt, lék Bubba kóng, sem varð dálítið frægt leikrit á þennan menntaskólakrakkamælikvarða. Í framhaldinu af því þegar ég fór í lagadeildina þá réð Sveinn Einarsson mig, sem hafði verið leikstjóri Bubba kóngs, sem leikhúsritara hjá Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó. Fyrstu tvö árin með námi vann ég hálfan daginn í Leikfélagi Reykjavíkur og var svona ennþá að velta fyrir mér hvort ég ætti að fara þá leiðina eða einhverja aðra. Svo skrifaði ég nokkur leikrit. Tvö þeirra voru sýnd á öllum Norðurlöndum. Ég hef líka skrifað smásögur og þess háttar og hef skrifað af magni til, fyrir utan önnur störf sem ég hef gegnt, meira efni en þeir sem eru rithöfundar alla ævina sumir hverjir, ónefndir.“

Saknar ekki stjórnmálanna

- En ef þú nærð ekki kjöri sem forseti hefurðu hugsað þér að taka aftur þátt í stjórnmálum?

„Nei, nei, nei. Ég hef ekki verið í stjórnmálum í ellefu ár.“

- Þú saknar þeirra ekki?

„Nei. Ég var mjög ánægður þar, en ég er nú einn af þeim fáum sem hefur aldrei verið ýtt út úr stjórnmálunum. Ég hvarf úr borginni með 60% atkvæða í seinustu kosningum og hvarf síðar úr ríkisstjórn, þó svo að ég hefði getað setið þar í viðbót í tvö ár, nú og sennilega miklu lengur. En ég taldi að menn ættu ekki að láta reyna á þanþol þess. Þetta var mín ákvörðun og ég hef aldrei horft til baka. Ég reyndar horfi ekkert mikið til baka. Ég er svona meira í nútímanum og framtíðinni.“

Vill stilla utanlandsferðum í hóf

- Þú hefur talað um að þú viljir „opna“ Bessastaði.

„Já, ég hef talað með þeim hætti að það sé skynsamlegt núna með vissum hætti að horfa heim. Færa forsetann meira heim. Forsetinn hefur verið yfir hundrað daga á ári hverju erlendis og mjög oft þegar erfið álitamál hafa komið upp þá er einn angi af sögunni: „Forsetinn hraðaði för sinni heim.“ Ég man mjög oft eftir því. Og ég held að forsetinn eigi að vera bara meira heima. Ekki þannig að ég sé að segja að menn hafi ekki verið að nýta tíma sinn vel. Því menn hafa gert það að mörgu leyti vel og ég ætti nú kannski ekki að tala um þetta, því ég tel nú að enginn hafi meiri burði og reynslu til að tala máli Íslands við erlenda þjóðarleiðtoga myndi ég halda. Það er ekki hægt að metast um það. Það væri alla vega mjög hæpinn metingur. En engu að síður tel ég að menn eigi að stilla þessu í hóf og horfa inn á við.“

Synjunarrétturinn vandmeðfarinn

- Mig langar að spyrja þig að um synjunarvald forseta, sem mjög hefur verið til umræðu á undanförnum árum.

„Í áratugi var okkur lögfræðingum kennt það að ef að þingið samþykkti lög, það er stjórnarfrumvörp, sem ríkisstjórnin hefði beitt sér fyrir og forsetinn synjaði, þá gengi auðvitað málið til þjóðarinnar en þá hefðu úrslitin afleiðingar. Ef að þjóðin stæði með forsetanum þá segði ríkisstjórnin af sér. Og ef að þjóðin staðfesti lög þingsins, þá segði forsetinn af sér. Þetta var okkur alltaf kennt. En Ólafur Ragnar Grímsson bjó til nýtt. Hann kallaði þetta málskotsrétt. Það stendur hvergi í stjórnarskránni og var aldrei rætt. Hann bara bjó þetta til. Þá var þetta eiginlega ekki orðið hann sem væri að synja. Hann hafði enga skoðun á þessu endilega. Hann var bara að veita málskotsrétt. En hvernig sem að það var þá var þessi hugmynd Ólafs þannig að þó að menn hefðu sagt já eða nei í því þá þurfti hann ekkert að víkja. Hann bar enga ábyrgð. Því þetta var málskotsréttur orðinn, sem stjórnarskráin talar ekkert um. Menn voru búnir að gleyma því að það var verið að takmarka synjunarréttinn með þjóðaratkvæði en ekki auka hann. Synjunarrétturinn var konungsins og konungurinn gat gripið frammi fyrir hendurnar á þinginu en þá fór það ekki til þjóðarinnar. En svo var ákveðið að vernda þingið fyrir kónginum með því að segja að ef að kóngurinn synjar þá fer það til þjóðarinnar.“

Var andsnúinn Icesave-samningunum

- Þú hefðir gert það sama í sporum Ólafs Ragnars varðandi Icesave II og III?

„Ég hvatti beinlínis til þess. Ég fór samt ekki út á völlinn og hvatti til þess. Auðvitað gátu menn verið þeirrar skoðunar að þeir styddu Svavarssamninginn, en álitsgjafar sem fara út á völlinn og hvetja til þess að samþykkja versta samninginn og segjast svo hafa greitt atkvæði gegn samningi sem var miklu betri þegar þeir eru einir í kjörklefanum. Auðvitað trúir maður þeim en það er dálítið merkilegt að hafa viljað miklu verri samning en líka greitt atkvæði með miklu skárri samningi. Svona er þetta nú, tilveran. “

bjb

Einkarekið Apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta
GARÐS APÓTEK
- rétt leið
Sogavegi við Réttarholtsveg
Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Íþróttamaður ársins 2015

Eygló Ósk Gústafsdóttir

Lifestream

tryggir árangur

- **Orka sem endist daginn**
- **Mikil einbeiting**
- **Jafnvægi**
- **Vellíðan**

Yfir 100 lífræn næringaefni



HIGH POTENCY GOLD STANDARD ★★★★★ PREMIUM QUALITY GUARANTEED

GUARANTEED PURE & POTENT ORIGINAL GOLD STANDARD

Lífrænt

Lifestream vörurnar hafa reynst mér best, hef notað þær í tvö ár, hef mikið meiri orku, betra úthald, og heilsu til að takast á við allt álag, erfiðar æfingar og áskoranir. Laus við streitu og líður vel.
Stefni ótrauð á Olympíuleikanna 2016.

Celsus ehf.
Fæst í apótekum, heilsubúðum, Græn heilsa, Krónunni, Hagkaup og Nettó.

lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna

„Ég fór á alla heimaleiki Íslands í undankeppni EM og hrópaði: Áfram Ísland!“

Anton Vasiliev, sendiherra Rússa, tekinn tali

Anton Vsevolodovich Vasiliev, sendiherra Rússa hér á landi, er heillandi maður með glæsilega feriskrá. Hann hefur fullt vald á kínversku, frönsku og ensku og lauk æðstu gráðu í alþjóðafræðum frá Háskólanum í Moskvu 1976. Frá þeim tíma gegndi hann stöðum viðskipta- og sendifulltrúa á mismunandi stöðum í Kína. Hann lauk doktorsgráðu í hagfræði frá sovésku vísindaakademíunni 1983. Vasiliev er einn helsti sérfræðingur og áhrifamaður Rússa í afvopunarmálum frá árinu 1996 og árið 2008 var hann útnefndur helsti talsmaður Rússa í málefnum heimskautasvæðisins, svo fátt eitt sé nefnt. Ljóst er að með skipun dr. Antons Vasiliev, sem sendiherra á Íslandi 6. mars 2014 eru Rússar að senda skýr skilaboð um að þeir leggi mjög mikla áherslu á aukin og bætt viðskipti landanna þrátt fyrir tímabundna hnökra.

VIÐTAL



Mynd: Sigryggur Ari.

Við ljósmyndari Reykjavíkur vikublaðs hittumst klukkan 10 að morgni á Túngötunni fyrir utan heimili dr. Vasiliev. Sendiherrann tók glaðlega og hlýlega á móti okkur í tröppunum en ég hafði mælt mér mót við hann degi fyrr á 71. árs minningar- og sigurhátíð í Fossvogsgarðinum sem sagt var frá í síðasta blaði.

Trúin og sannleikurinn

Hátíðlegur alvarleiki athafnar gærdagsins var okkur ofarlega í huga, en þar var sleginn trúarlegur tónn. Skyndilega flaug mér í hug að brjóta þetta upp með því að upplýsa sendiherrann um að fyrstu 56 árin eftir að kristni var lögtekin á Þingvöllum árið 1000, tilheyrðum við Íslendingar

ÚR BÆJARLÍFINU

Sigurður Þórðarson skrifar:

Austurkirkjunni, rétt eins og Rússar. Þetta þótti Vasiliev merkilegt og skrifaði hjá sér. Hann upplýsti mig á móti að orthodox kristnir væru uppteknir af sannleikanum og litu á hann sem æðstu dyggð. Hann taldi þessa siðfræði hafa mótað rússneskan almenning um aldir. En hver er þá í hnotskurn sannleikurinn um Úkraínu?

„Rússneska þjóðin og sú úkraínska eru skyldar og hafa þurft að þola alltof mörg stríð og þjáningar þeim tengdum. Rússar eru af biturri reynslu hræddir við stríð og gera því allt sem þeir geta til að forðast það. Við sigurinn yfir nasismanum bar fólk þá von í brjósti að við tæki langt og farsælt tímabil friðar og samvinnu þjóða. Það er því illa gert að ala á þjóðernisófriði, þar sem óbreyttir íbúar verða alltaf þolendur.

Jafnvel á Íslandi sjá erlendar fréttaveitur um að röngum upplýsingum sé haldið að fólki, t. a. m er gefið í skyn að Rússland hafi skotið niður farþegavél og rússneski herinn stundi hernað í Úkraínu. Ég, sem sérfræðingur í afvopnunarmálum, veit að bandarísk gervitungl taka upp og eiga afrit af öllum farsímasímtölum á átakasvæðinu, auk mynda þar sem hægt er að greina númeraplötur vélhjóla. Við höfum skorað á Bandaríkjastjórn að birta eitthvað máli sínu til stuðnings. Afraksturinn voru myndir af 30 herflutningabílum með matvæli

Hverfið mitt – Hugmyndasöfnun

Nú er tækifærið til að skila inn betri tillögum

Hvernig getur þitt hverfi orðið enn betra? Núna getur þú komið þinni hugmynd á framfæri, hvort sem hún er raunhæf eða ekki. **Sendu inn tillögu á betrireykjavik.is fyrir 15. júní.**

HVITA HÚSID / SÍA

og lífsnauðsynleg lyf fyrir almenna borgara. Rússar geta ekki, þrátt fyrir viðskiptahindranir, hætt mannúðarstarfi fyrir almenna borgara í neyð. Kannski er ofurtækni nútímans ofar skilningi almennings. Við blasir þó að Rússar gera það ekki að gamni sínu að taka við tveimur milljónum allslausra flóttamanna frá Úkraínu. Það er gríðarlegt álag á innviði samfélagsins og kostar ómælda fórnfýsi íbúanna sem fyrir eru. Það hljóta þó allir að skilja."

Krímskaginn

„Krímskaginn hefur ýmist tilheyrt Tyrklandi eða Rússlandi, en einungis um skamma hríð Úkraínu, eða frá árinu 1954, þegar Nikíta Krúsjéff gaf landsvæðið til Úkraínu. Hafi einhverjum á Vesturlöndum þótt óheppilegt að landsvæði rússneskumælandi íbúa væri gefið Úkraínu, hefur það farið fram hjá mér. Þegar þjóðernishreinsanir með tilstyrk erlendra málaliða ágerðust í Úkraínu lét þingið fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu á Krímskaganum um aðildarumsókn að Rússlandi. Skemmst er frá því að segja að ósk um innlimun í Rússland var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Margar óháðar kannanir síðan þá sýna að eindreginn vilji íbúannna til að tilheyra Rússlandi er óbreyttur. Þá er allt í einu sagt að vilji íbúanna skipti engu, því að landamærin séu óumbreytanleg. NATO breytti þó landamærum Serbíu og stofnaði Kosovo, jafnvel án þess að kosið væri um það."

Menningarsamskipti Rússa og Íslendinga á traustum grunni

„Menningarsamskipti Íslands og Rússlands (áður Sovétríkjanna) standa á gömlum merg. Þó hugsanlega hafi einhverjir víkingar á söguöld látið ófriðlega í Austurvegi, þá hefur Rússum aldrei staðið stuggur af Íslendingum, öðru nær. Ritverk margra þekktra rithöfunda landanna hafa verið þýdd af rússnesku yfir á íslensku og öfugt. Þannig hafa þessar þjóðir skyggnst inn í þjóðarsál hvor annarrar, báðum til gagns og aukins skilnings. Kannski er þetta ein af ástæðum þess að sjálfur Bolshoi-ballettinn heimsótti Reykjavík og sýndi í Þjóðleikhúsinu. Það væri léttilega hægt að skrifa margar bækur um samskipti landanna á íþrótta- og menningarsviði en ég nefni af handahófi alla skákmennina. Sjálfur ver ég frístundum mínum aðallega í að lesa bókmenntir, hlusta á góða tónlist og njóta náttúrufegurðar og lista. Þegar ég var ungur keppti ég í sundi og fótbolta. Nú læt ég duga að synda en horfi bara á boltann. Ég fór á alla heimaleiki Íslands í undankeppni EM og hrópaði „áfram Ísland" nema leiknum á móti Kasakstan, þá hrópaði ég til skiptis með löndunum, enda fór sá leikur með jafntefli. Allt þetta er hægt að gera hér og ég tók því þess vegna fagnandi og hiklaust þegar mér bauðst að gerast sendiherra á Íslandi."

Skipalestirnar voru lífæð og hafið er ykkar lífsbjörg

„Allir Rússar eru meðvitaðir um hildarleik seinni heimsstyrjaldarinnar. Skipalestirnar sem lögðu af stað úr Hvalfirði og sigldu til Murmansk voru mikilvæg lífæð þegar á reyndi. Sumir líkja Rússum við birni en það er ekki alslæmt fyrir Íslendinga því birnir eru minnug dýr. Þegar Íslendingar tóku sér lýðveldisrétt árið 1944 voru Sovétríkin eitt af fimm fyrstu ríkjum heims til að viðurkenna sjálfstæði landsins. Að sama skapi eru Rússar líka stoltir af því að hafa alltaf stutt dyggilega við Íslendinga í landhelgisdeilunum. Í fyrsta skipti reyndi á þetta í útfærslu landhelginnar í fjórar sjómílur árið 1952, þegar Bretar beittu íslensk skip löndunarbanni. Íslendingar voru nær algjörlega háðir ferskfiskútflutningi en vöruskiptasamningur Íslands og Sovétríkjanna tæpu ári síðar gerði þjóðinni kleyft að byggja upp frystiiðnað og selja allan fisk. Í kjölfarið var fleiri stoðum skotið undir samfélagið, s.s. niðursuðu- skinna og málningariðnaði svo eitthvað sé nefnt. Sovétmenn gátu líka selt framleiðsluvörur sínar og því voru þetta eins og góð viðskipti eru, hagkvæm fyrir báða aðila."

Hlutverk Sovétríkjanna í lyktum þorskastríðsins árið 1976

„Sovétríkin viðurkenndu og studdu útfærslu Íslendinga í 200 sjómílur. Margt hefur verið um þetta ritað og auðvitað geta Íslendingar einkum þakkað sjálfum sér fyrir þann árangur sem náðist. En einurð vopnlausrar smáþjóðar skóp samúð í Rússlandi. Snemma árs 1976 urðu mjög hörð átök á miðunum. Litlu mátti muna að flaggskipi Íslands, Týr, yrði sökkt með tilheyrandi mannskaða. Skipherrar íslensku Landhelgisgæslunnar óskuðu eftir því að styrkja hana með fullkominni sovéskri smáfreigátu af Mirka gerð. Þann 9. mars 1976 var þessi beiðni flutt af sendiherra Íslands til sovéska utanríkisráðherrans, Andrei A. Gromyko. Að beiðni Íslendinga var tafarlaust sett mikil vinna í málið. Það var vafalaust rétt hjá Íslendingum að mikið hættuástand var að skapast á miðunum og því þurfti að meta marga áhættuþætti þessa máls. Sem betur fer þurfti ekki til þessa að koma en því má alveg halda til haga að Rússar lögðu sitt besta fram til að skapa hóflegan þrýsting til að leysa málið eftir diplómatískum leiðum. Þremur mánuðum síðan var deilan milli Breta og Íslendinga endanlega úr sögunni."

Ísland getur haft áhrif

„Það er því ekki að ástæðulausu að landar míni kusu að tefla heimsmeistaraeinvígið í skák á Íslandi eða ræða afvopnun í Höfða. Íslendingar verða sjálfir að ákveða hvort þeir stilli sér í fremstu víglínu átaka eða leggi sitt framlag á vogarskálar sátta.

Við lítum á Íslendinga sem vini og vilji þeir fá milliliðalausar og óbrenglaðar upplýsingar frá Rússum, munum við taka því fagnandi og láta ekki okkar eftir liggja."

Gríðarleg sóknartækifæri á menningar- og viðskiptasviði

„Rússar vilja kappkosta að eiga góð samskipti og samvinnu við Ísland varðandi heimskautasvæðið. Nú hillir undir að norðausturleiðin muni opnast og við það verður greiðara og ódýrara að flytja vörur til og frá Austur-Asíu sem er fjölmennasta íbúasvæði jarðarinnar. Við það munu ekki aðeins opnast markaðir fyrir íslenskar vörur, heldur mun umferð um hafið aukast, hvort sem við æskjum þess eða ekki. Ísland, ásamt Noregi og Færeyjum, er líklegt til að geta orðið umskipunarhöfn. Þá verður nauðsynlegt að byggja björgunarmiðstöð og eru Rússar reiðubúnir til að styðja eða aðstoða Íslendinga við það verk. Lítið eitt lengra er í að hægt verði að vinna náttúruauðlindir á heimskautasvæðinu norðan Rússlands og myndu Rússar kjósa Íslendinga til slíks samstarfs. Hægt er að auka sölu á landbúnaðar- og sjávarútvegsvörum og auka viðskipti með þjónustu- og tæknivörur, þ.m.t. í tölvu- og upplýsingatækni. Þá á aukin gagnkvæm ferðamennska ásamt beinu flugi milli Íslands og Moskvu að geta borið sig, vegna fyrirsjáanlega vaxandi umsvifa."

Við þökkum dr. Anton Vasiliev fyrir skemmtilegt og fróðlegt spjall.

Hann þráir að láta gott af sér leiða. Vonandi kemur það í ljós með áþreifanlegum hætti næstu vikurnar.

Mynd: Sigryggur Ari.

SPENNANDI
NÝSKÖPUNARSTARF
fyrir barnið þitt í sumar

Uppfinningaskóli INNOENT á Íslandi býður upp á sumarnámskeið fyrir börn á öllum aldri í sumar. Boðið er upp á vikunámskeið, heill eða hálfur dagur þar sem börn eru að vinna að eigin hugviti, bæði inni og úti á hverjum degi.

Nánari upplýsingar og skráning á **innoent.is/namskeid/skraning**



NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING
innoent.is/namskeid/skraning

INNOENT.IS
Finndu okkur á Facebook.

GAMAN
Á TÓN-
LEIKUM!

Gaman Ferðir bjóða upp á tónleikaferðir við allra hæfi. Kíktu á gaman.is og skoðaðu úrvalið.

Gaman Ferðir

Gaman Ferðir fljúga með WOW air / www.gaman.is / gaman@gaman.is

Rannsóknir segja fólk ánægðast með lífið seinni hluta ævinnar

Þrátt fyrir að flest séum við þakklát fyrir að fá að eldast eru engu að síður margir sem hafa töluverðar áhyggjur af því að bestu árin séu liðin og allt stefni niður á við með hækkandi aldri.

Ef þú ert einn af þeim sem hefur hugsað þannig er þér alveg óhætt að láta af öllum slíkum hugsunum. Því þetta er víst mikill misskilningur.

Nýjustu rannsóknir sýna fram á hið gagnstæða. Svo virðist nefnilega vera að fólk sé hamingjusamast og ánægðast með lífið seinni hluta ævinnar. Áhugavert, ekki satt!

Niðurstöður sem koma á óvart

Eflaust koma þessar niðurstöður mörgum á óvart en ef maður hugsar aðeins út í þetta þá er það algjörlega rökrétt. Þótt ungt fólk sé hraust, og virðist nokkuð áhyggjulaust og bjartsýnt, þá er það ekki endilega að springa úr hamingju.

Niðurstöður sýndu einmitt að í kringum 35 ára aldurinn er fólk minnst hamingjusamt. Á þessum aldri eru flestir að kljást við að koma á jafnvægi í lífinu á milli fjölskyldu og frama og lífið því ekki alltaf dans á rósum á þessum tíma. Uppeldi ungra barna, húsnæðiskaup og áhyggjur af því að standa sig í starfi leiða gjarnan til mikillar streitu.

Og það er víst staðreynd að of mikil streita dregur úr lífshamingju okkar. Árin milli tvítugs og fertugs eru því augljóslega ekki hamingjusömustu árin á lífsleiðinni.

Lífið verður sætara með aldrinum

Staðreyndin er víst sú að það er fólk sem komið er yfir fimmtugt sem er mest sátt við líf sitt, eða nánar tiltekið þá er það við 58 ára aldurinn sem fólk er hvað sáttast. Á þessum aldri hafa flestir öðlast færni í því að ná jafnvægi á milli einkalífs og vinnu. Þá eru börnin orðin eldri, og jafnvel uppkomin, og á það stóran þátt í því að lækka streitustuðulinn.

KOKTEILL.IS

Jóna Ósk Pétursdóttir
jona@kokteill.is

Þetta fólk er líka komið yfir það að vinna endalausa yfirvinnu til þess eins að sanna sig í starfi. Enda eru flestir sem komnir eru um og yfir fimmtug orðnir sjálfsöruggari og vita hverjir þeir eru – þeir þurfa ekki lengur að sanna sig. Það er því óhætt að segja að lífið verði bara sætara með aldrinum.

Háskólagarðar HR

Brátt hefjast framkvæmdir við Háskólagarða við rætur Öskjuhlíðar, nærri Háskólanum í Reykjavík. Þar áformar skólinn að reisa 350 nýjar íbúðir og einstaklingsherbergi, auk leikskóla og þjónustusvæðis. Íbúðirnar eru ætlaðar til leigu og tímabundinnar búsetu nemenda og starfsfólks fyrirtækja sem starfa hjá skólanum og þekkingarfyrirtækjum í nágrenninu. Einkum er gert ráð fyrir litlum íbúðum og einstaklingsherbergjum með sameiginlegri aðstöðu. Næst skólanum sjálfum, syðst á svæðinu, verður leikskóli og önnur hverfisþjónusta.

Við hönnun bygginga á svæðinu verður lögð sérstök áhersla á að tengja byggðina vel við umhverfið, en hún mun einkennast af skjólgóðum og friðsælum inngörðum og göngu- og hjólastígum sem tvinna svæðið saman við útivistarsvæði Öskjuhlíðar. Bygging Háskólagarðanna er óháð framtíð Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni.

Útlit Háskólagarðanna, séð frá Öskjuhlíð.



Hér má sjá byggingasvæðið afmarkað með gulum lit. Háskólinn í Reykjavík er syðst á kortinu.

Hátíð hafsins

Faxaflóahafnir og Sjómannadagsráð efna til Hátíðar hafsins í dag og á morgun, sjómannadaginn, við gömlu höfnina og nær hátíðarsvæðið allt frá Hörpu að höfuðstöðvum HB Granda. Fjöldi viðburða. Nánari upplýsingar á hatidhafsins.is.

Situr þú uppi með húsfélagið?

Er aðalfundur framundan?

Er þörf á viðhaldi?

Eru framkvæmdir framundan?

Er húsfélagið þitt hausverkur?

EIGNA*umsjón*

heildarlausnir í rekstri húsfélaga

VEIÐIKORTIÐ
Eitt kort
35 vötn
6.900 kr
Frelsi til að veiða!
www.veidikortid.is
2016
www.veidikortid.is

Þrif ehf
SÍMI 89 89 566
www.þrif.is / www.thrif.net
netfang: thrif@centrum.is
Við gerum tilboð í reglubundna ræstingu ykkur að kostnaðarlausu.

Gluggafilmur
Sand& sólarfilma
544 2030
MERKIS MENN
www.merkismenn.is

Auglýsingar: 578 1190
auglysingar@fotspor.is

MENNING

Hátíðardagskrá sjómannadagsins

Hátíðardagskrá sjómannadagsins hefst í dag kl. 10, laugardaginn 4. júní, með athöfn við Minningaröldur í Fossvogskirkjugarði. Séra Hjálmar Jónsson flytur minningarorð og starfsmenn Landhelgisgæslunnar standa heiðursvörð. Einar Jónsson leikur á trompet.

Á morgun, sjómannadaginn, verður efnt til sjómannamessu í Dómkirkjunni kl. 11. Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, prédikar og séra Hjálmar Jónsson þjónar fyrir altari. Organisti er Kári Þormar og einsöngvari Sigrún Hjálmtýsdóttir.

Hátíðardagskrá hefst við útisvið á Grandagarði kl. 13:30 á morgun. Lúðrasveit Reykjavíkur leikur undir stjórn Lárusar Grímssonar. Sjálf athöfnin hefst kl. 14 og verður í beinni útsendingu í Ríkisútvarpinu. Karlakórinn Fóstbræður syngur Íslensk lög.

„Bjarnakonan“ í Gallerí Húnoghún

Í dag, laugardag, kl. 15 opnar sýning Karinar Leening í Gallerí Húnoghún, Skólavörðustíg 17b. Í fréttatilkynningu segir að listakonan sé heilluð af björnum og að í list hennar skjóti gjarnan upp kollinum „dýrkonur sem byggja okkur hversdagsfólkinu óþekkta heima. Þar hittir til að mynda ljóskindin orkubjörninn og fílakonan rekst á ljón gróandans“. Sýningin verður opin virka daga kl. 11–18 og laugardaga 11–16.

Neyslan á Árbæjarsafni

Það hefur lengi verið viðfangsefni safna að gera flókinni sögu skil á þann hátt að hún verði áhugaverð fyrir nútímafólk. Eitt af megineinkennum 20. aldar, umfram önnur tímabil, er sífellt aukin framleiðsla og neysla. Sýningin „Neyslan“ á Árbæjarsafni er tilraun til þess að horfa til baka á sögu okkar frá sjónarhóli neyslumenningar og öðlast þannig skilning á því hvernig daglegt líf breyttist á liðinni öld og hvaða öfl það eru sem þar hafa verið að verki – og eru enn Á sýningunni er litið inn á heimilið og þaðan út í heiminn. Árbæjarsafn er opið kl. 10–17.

Neyslumenning 20. aldar er skemmtilegt rannsóknarefni. Hér má sjá gamla auglýsingu frá Ölgerðinni.

Dillon rock bar

Ný plata frá gímaldin

Út er komin ný plata frá hljómsveitinni gímaldin. Hún heitir Blóðlegur fróðleikur og þar má finna tólf lög um ást, missi og meinsemdina. Ásamt gímaldin leikur Ásgeir Óskarsson á trommur og slagverk og Margrét Arnardóttir á harmóniku. Gímaldin mun flytja lög af plötunni á Dillon í kvöld, 4. júní. Hljómleikarnir hefjast kl. 22:30.

Sýning Árna Rúnars í Gallerí Gróttu

Á fimmtudaginn var, 2. júní, opnaði Árni Rúnar Sverrisson sýningu í Gallerí Gróttu. Í verkum hans gefur að líta samhengi milli hins stóra og smáa og undur náttúrunnar endurspeglast í senn í reglu og óreglu hvert sem litið er, jafnvel í grjótinu undir fótum okkar.

Árni Rúnar Sverrisson er fæddur árið 1957. Hann nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Myndlistakóla Reykjavíkur og hefur sýnt víða frá því hann hélt sína fyrstu einkasýningu á Mokka árið 1989. Tíu árum síðar dvaldi hann á Sikiley þar sem hann starfaði

að list sinni og hélt sýningu í Palermo. Hann á að baki hátt á annan tug einkasýninga, auk þess sem hann hefur tekið þátt í samsýningum og samkeppnum.

UltraGlozz®
UltraGlozz bílabónið endist 6-10 sinnum lengur en hefðbundin vaxbón
Níðsterk lakkbrynja sem þolir tjöruþvott
N1 Fæst í verslunum BYKO og N1 um allt land N1
www.ultraglozz.is

LYKTAREYÐANDI NIÐURBROTSEFNI Í FERÐASALERNI

BIO-PAK - Tropical og Fresh Scent

Inniheldur öfluga náttúrulega ensímblöndu sem vinnur á úrgangi og pappír á 24 klst og skiptir þá engu hvaða gerð pappírs er. Hentar mjög vel þar sem þarf að tæma ferða-salernið á hverjum degi. BIO-PAK veitir hratt niðurbrot og góða lyktareyðingu.

BIO-PAK Tropical Vörunúmer: BIOTROPBG
BIO-PAK Fresh Scent Vörunúmer: BIOPPBG

PORTA-PAK - Lavender og Fresh Scent

Inniheldur einstaka efnablöndu sem vinnur á úrgangi og pappír á 3-4 dögum og hefur einstaklega mikla og góða virkni í lyktareyðingu. Hentar vel þar sem ekki þarf að tæma ferðasalernið á hverjum degi.

PORTA-PAK Lavender Vörunúmer: PPRV10LAV
PORTA-PAK Fresh Scent Vörunúmer: PPRV10

BIO-ACTIVE - Tropical og Fresh

Inniheldur næringarefni fyrir bakteríur ásamt ensímum til að fjarlæga ólykt. Brýtur hratt og vel niður úrgang og klósettpappír. Smyr ventla og heldur skynja-rafbúnað hreinum. Hentar fyrir húsbíla, rútur, báta, skip, safntanka og rotþrær. BIO-ACTIVE er vistvænt efni.

BIO-ACTIVE 4,9L Vörunúmer: BAHT168
BIO-ACTIVE 1,8L Vörunúmer: BAHT40

Kemi ehf | Tunguhálsi 10 | 110 Reykjavík | S: 415 4000 | kemi@kemi.is | www.kemi.is

Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699 6869 og rafeindir.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR
ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.
HANDAFL EHF s. 777 2 333

Baksíðan

Bergur Þorri Benjamínsson
varaformaður Sjálfsbjargar lsf.

Sumargötur fyrir suma eða alla?

Nú hefur Reykjavíkurborg bæði lengt það tímabil sem svokallaðar sumargötur taka til og eins stækkað það svæði sem lokun gatna nær til. Nokkrar mótvægisaðgerðir hafa verið gerðar, til dæmis hefur verið bætt við þremur stæðum fyrir fatlaða fyrir framan lokun og í hliðargötum. Hins vegar hafa á móti önnur stæði fyrir fatlaða verið tekin niður og eins hefur lokunin þau áhrif að ekki er hægt að komast að stæðum sem sérstaklega eru ætluð fötluðum. Á þetta til dæmis við um stæði á nokkuð stóru svæði sem afmarkast af lokun Pósthússtrætis. Þar með fellur stæði fyrir fatlaða út sem er í Austurstræti við Landsbankann og næsta stæði sem er við Hafnarstæti.

Undirritaður hefur bent Reykjavíkurborg á þessa annmarka og talið nauðsynlegt að reyna að minnka þau svæði sem ekki er hægt að aka um, en borgin en hefur ekki komið með neina lausn á móti. Á svæði vestan Snorrabrautar og að Suðurgötu hefur því fjöldi stæða staðið nánast í stað. Afleiðingin af þessu er sú að þeir sem þurfa vinnu sinnar vegna að sækja til dæmis fundi niður í miðborg verða að hringsóla til að geta lagt, leggja ólöglega eða frá að hverfa. Þetta letur því atvinnuþátttöku fatlaðs fólks.

Nýlega samþykki Reykjavíkurborg líka að setja saman heildstæða stefnu í aðgengismálum. Spurningar vakna hvort slík stefna og sumargötur muni ekki stangast á? Eiga mannréttindi ekki alltaf forgang umfram sumargötur? Ferlinefnd fatlaðs fólks og væntanleg aðgengisstefna heyra beint undir borgarráð en nefndin er vistuð undir mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Það skiptir máli að allir geti sótt þjónustu í miðborgina jafnvel þó að þeir eigi erfitt að koma sér um miðbæinn, það eru mannréttindi.

BÍLA-
VIÐGERÐIR
BREMSU-
VIÐGERÐIR
HJÓLA-
STILLINGAR

BÍLASKOÐUN & STILLING
551 3100
Hátúni 2A

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna · Pípulagnir · Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir · Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

HÁTÍÐ HAFSINS
4.-5. JÚNÍ 2016
SKOÐAÐU DAGSKRÁNA Á
WWW.HATIDHAFSINS.IS